

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— Höldur —

Europcar



UMHVERFISSKÝRSLA 2009

Útgefandi: Bílaleiga Akureyrar

Ritstjórn: Jón Gestur Ólafsson

Aðstoð við ritstjórn: Vilhelm Þorri Vilhelmsson

Þýðandi á ensku: Haukur Harðarson

Myndir: JGÓ, EMJ, VPV. Getty Images

Inngangur

Bílaleiga Akureyrar er hluti af rekstri Hölds ehf. og eru höfuðstöðvar fyrirtækisins á Akureyri. Auk starfsemi bílaleigunnar á Akureyri eru reknar starfsstöðvar í Reykjavík, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, á Egilsstöðum en auk þess heldur fyrirtækið úti tíu útibúum víðs vegar um landið. Upphaf rekstursins má rekja til ársins 1966 þegar upphafsmenn fyrirtækisins hófu að leigja út bifreiðar á Akureyri. Í árunna rás hefur reksturinn vaxið og í dag er Bílaleiga Akureyrar stærsta bílaleiga landsins sem rekinn er á traustum grunni. Bifreiðafloki fyrirtækisins fer yfir 2000 bíla yfir sumarmánuðina og afgreiðslustaðir þess eru fjórtán talsins.

Umhverfismál hafa löngum verið ofarlega í huga stjórnenda Bílaleigu Akureyrar og lengi hefur verið lögð áhersla á góða umgengni við landið. Gróðursetning trjáplantna í nafni fyrirtækisins má rekja allt aftur til ársins 1995 og stefna fyrirtækisins er að gróðursetja að minnsta kosti eitt þúsund trjáplöntur á ári.

Árið 2007 tóku stjórnendur fyrirtækisins ákvörðun um að vinna enn markvissari höndum að umhverfismálum með því að taka upp umhverfisstjórnun í anda ISO 14001 sem er alþjóðlegur umhverfisstjórnunarstaðall en jafnframt því var ákveðið að setja upp gæðastjórnunarkerfið ISO 9001. Til að byrja með var ákveðið að uppsetningin næði til rekstursins í Reykjavík, nánar tiltekið í Skeifunni 9, á Reykjavíkurlflugvelli og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en á þessum stöðum fer stór hluti rekstursins fram.

Strax var hafist handa við uppsetningu og innleiðingu stjórnunarkerfisins út frá stefnu þess og greindum umhverfisþáttum í samræmi við ISO 14001.

Um mitt ár 2009 var innleiðing stjórnunarkerfisins vel á veg komin og úttekt vottunaraðila fór fram sumarið 2009. Í dag starfar fyrirtækið, á þeim starfsstöðvum sem áður eru nefndar, að fullu eftir þessum stöðlum og vonir standa til að fyrirtækið fái vottun hjá viðurkenndum aðila í ársbyrjun 2010.

Mikil vinna liggur að baki síðustu tveggja ára og ýmsar breytingar áttu sér stað samhliða því. Meðal þeirra þátta sem breyttust hvað mest voru innkaup en viðamikil yfirferð var gerð á innkaupaferli fyrirtækisins. Farið var sérstaklega yfir öll efnakaup og talsvert magn óæskilegra efna tekið af innkaupalista en eiturefni og hættuleg efni eru flokkuð sem umhverfisþáttur A.

Það er von stjórnenda fyrirtækisins að gott fordæmi í umhverfismálum verði öðrum fyrirtækjum í ferðaþjónustu, stofnunum og almenningi hvatning til að leggja áherslu á umhverfismál og sjálfbæra þróun.

Vinna að umhverfismálefnum innan fyrirtækisins hefur gengið vonum framár og þar skiptir sköpum sá áhugi og jákvæðni sem starfsmenn sýna þessum mikilvæga málaflokk. Framkvæmdastjóri þakkar starfsmönnum öllum fyrir þeirra framlag til umhverfismála í starfsemi Bílaleigu Akureyrar.

Ég vona að þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni verði til þess að almenningur geti á auðveldan hátt áttað sig á umhverfislegu umfangi í rekstri Bílaleigu Akureyrar og því leiðandi starfi sem við vinnum að í umhverfismálum. Allar upplýsingar í umhverfisskýrslu Bílaleigu Akureyrar eru réttar og samkvæmt okkar bestu vitund.

Bergþór Karlsson
Framkvæmdastjóri


Umhverfisstefna Bílaleigu Akureyrar

Stjórnendum Bílaleigu Akureyrar er vel kunnugt um neikvæð umhverfisáhrif af rekstri bifreiða og vilja þeir leggja sitt að mörkum til að draga úr þeim áhrifum eins og kostur er. Bílaleiga Akureyrar ætlar að vinna að bættri nýtingu auðlinda og stuðla þannig að sjálfbærri þróun. Með þetta að leiðarljósi hefur fyrirtækið einsett sér að vinna að stöðugum umbótum í umhverfismálum til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum sem rekstur bílaleigu hefur í för með sér.

Bílaleiga Akureyrar ætlar að:

- Tryggja að starfsfólk hljóti þjálfun og sé upplýst um umhverfisþætti fyrirtækisins og að alltaf sé farið eftir lögum og reglugerðum um umhverfismál.
- Minnka útblástur frá bílaflota fyrirtækisins. Það verður gert með því að taka mið af útblæstri CO₂ við innkaup á nýjum bifreiðum.
- Flokka þann úrgang sem til fellur hjá fyrirtækinu og virkja starfsfólk til betri nýtingar hráefna og endurnotkunar sé þess kostur.
- Vinna að vöktun umhverfisþátta samkvæmt ISO 14001.
- Upplýsa viðskiptavinum sínum um orkusparandi akstur og umgengni við náttúru landsins.
- Halda grænt bókhald og gefa árlega út umhverfisskýrslu til að upplýsa almenning um stöðu umhverfismála hjá fyrirtækinu.
- Styðja landgræðsluverkefni á Íslandi.

Auk beinna áhrifa vona stjórnendur fyrirtækisins að gott fordæmi í umhverfismálum verði öðrum fyrirtækjum í ferðaþjónustu, stofnunum og almenningi hvatning til að leggja áherslu á umhverfismál og sjálfbæra þróun. Það er skylda okkar að axla ábyrgð og huga að framtíð komandi kynslóða.



Umhverfisþættir

Bílaleiga Akureyrar vann að stýringu umhverfisþátta með gerð og innleiðingu verklags- og vinnureglna á árinu. Frammistöðu í umhverfismálum má í raun rekja í vöktun umhverfisþátta en fyrirtækið flokkar umhverfisþætti sína þannig:

- A- Mikilvægur umhverfisþáttur sem nauðsynlegt er að stýra.
- B- Síður mikilvægur umhverfisþáttur sem nauðsynlegt er að þekkja og stýra en krefst ekki vöktunar.
- C- Lítilvægur umhverfisþáttur sem ekki er nauðsynlegt að viðhalda upplýsingum um.

A- Mikilvægir umhverfisþættir

Eiturefni og hættuleg efni
Eldsneyti (útblástur frá bílum CO₂ g/km)
Spilliefni
Fastur úrgangur
Frárennsli

B- Síður mikilvægir umhverfisþættir

Hjólbarðar
Heitt vatn
Kalt vatn
Rafmagn
Umgengni við náttúruna
Landgræðsla

Mikilvægir umhverfisþættir

Eiturefni og hættuleg efni

Þessi umhverfisþáttur er einn sá mikilvægasti í rekstri fyrirtækisins og mikil vinna var lögð í stýringu þessa þátta, meðal annars með endurskipulagningu á innkaupaferli fyrirtækisins. Efnatökn hjá fyrirtækinu er talsverð og því mikilvægt að huga vel að stýringu og vöktun eiturefna og hættulegra efna.

Haldið er ítarlegt yfirlit yfir eiturefni og hættuleg efni og öryggisblöð fyrir efnin eru aðgengileg öllum starfsmönnum. Öll efni eru metin við innkaup útrá þeim viðmiðum sem fyrirtækið hefur sett sér. Við innkaup á eiturefnum og hættulegum efnum skal velja þá vöru sem telst síður skaðleg umhverfinu og heilsu manna ef vörur eru sambærilegar að öðru leyti. Hjá Bílaleigu Akureyrar teljast eftirfarandi merkingar óæskilegar við innkaup á eiturefnum og hættulegum efnum.



Undanfarið ár hefur fyrirtækið unnið að því að koma á virkri vöktun á eiturefnum og hættulegum efnum og í lok ársins 2009 lauk þeirri vinnu. Vöktun þessa umhverfisþátta verður því skráð með ítarlegum hætti árið 2010 en upplýsingar um fyrri ár liggja ekki fyrir.

Eldsneyti / útblástur frá bílum CO₂

Mikil áhersla hefur verið lögð á það undanfarin ár að minnka útblástur CO₂ í bílaflota fyrirtækisins. Það hefur verið gert með því að taka mið af útblæstri við bíla kaup. Auk þess hafa upplýsingar um vistvænan akstur verið birtar á heimasíðu fyrirtækisins til að hvetja viðskiptavinum okkar til að leggja sitt af mörkum. Stjórnendur fyrirtækisins gera sér grein fyrir því að erfitt getur verið að hafa áhrif á akstur viðskiptavina sinna og því hefur megináherslan verið lögð á að minnka útblástur með kaupum á umhverfisvænni bifreiðum. Hlutfall dieselbifreiða hefur verið aukið til muna undanfarin ár og eins hefur fyrirtækið fest kaup á nokkrum Toyota Prius-bifreiðum en sú tegund er bæði knúin af bensíni og rafmagni.

Bílaleiga Akureyrar setti sér markmið um að lækka meðaltal CO₂ gildi flotans um 1% fyrir árslok 2009. Í töflu 1 má sjá meðaltal flotans CO₂ g/km á bíl. Þegar meðaltal ársins 2009 er borið saman við árið á undan má sjá að CO₂ g/km lækkaði um 0,8% og er það í samræmi við stefnu fyrirtækisins.

Tafla 1. Útblástur CO₂ g/km

	2007	2008	2009
Útblástur CO ₂ g/km.	189,39	181,67	180,21

Spilliefni

Öll spilliefni sem koma frá rekstri Bílaleigu Akureyrar falla undir þennan flokk. Í mars árið 2008 var verklag við flokkun spilliefna skilgreint og samið var við Efnamóttökuna um móttöku spilliefna en Hreinsitækni um losun úrgangsolíu en báðir aðilar eru viðurkenndir sem losunaraðilar. Spilliefnum er komið í eyðingu eða endurvinnslu samkvæmt opinberum kröfum. Úrgangsolíu er komið til Olíudreifingar þar sem hún er endurunnin til notkunar sem grófolía til ýmis konar brennslu. Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau spilliefni sem til féllu á árinu en aukningu milli ára má rekja til aukins umfangs í rekstri fyrirtækisins.

Tafla 2. Spilliefni

	2007	2008	2009
Olíusíur	-	591 kg.	724 kg.
Olíumettur úrgangur	-	53 kg.	91 kg.
Rafgeymar	-	423 kg.	1.024 kg.
Úrgangsolía	-	7.920 ltr.	9.900 ltr.
Önnur spilliefni	-	23 kg.	0 kg.

Haldinn er listi yfir notkun eiturefna og hættulegra efna (varúðarmerktra efna) í hverri starfsstöð og hann vistaður á innri vef Bílaleigu Akureyrar. Skilgreint hefur verið verklag við meðhöndlun og geymslu þessara efna, auk þess sem öryggisleiðbeiningar fyrir efnin hafa verið gerðar aðgengilegar öllum starfsmönnum. Öllum umbúðum og afgangum er skilað í spilliefnamóttöku. Leitast er við að draga úr notkun eiturefna og hættulegra efna.

Fastur úrgangur

Fastur úrgangur hjá fyrirtækinu er flokkaður í almennt sorp, málma, bylgjupappír og skrifstofupappír. Í töflu 3 má sjá heildarmagn úrgangs eftir þessum flokkum. Almenn sorp og málmar hafa aukist en það má rekja til aukinna umsvifa sumarið 2009. Í stefnu fyrirtækisins kemur fram að Bílaleiga Akureyrar ætlar að flokka þann úrgang sem til fellur hjá fyrirtækinu og virkja starfsfólk til betri nýtingar hráefna og endurnotkunar sé þess kostur.

Sá bylgjupappi og skrifstofupappír sem til fellur hjá fyrirtækinu hefur minnkað og það má skýra með bættri nýtingu þessara hráefna og endurnotkunar t.d. á skrifstofupappír.

Tafla 3. Fastur úrgangur

	2007	2008	2009
Almennt sorp	-	7.580 kg.	8.540 kg.
Málmar	-	1.740 kg.	1.900 kg.
Bylgjupappi	-	874 kg.	470 kg.
Skrifstofupappír	-	165 kg.	145 kg.

Frárennsli

Allt frárennsli frá starfsstöðinni rennur í gegnum olíuskilju sem staðsett er neðanjarðar. Olíuúrgangur úr olíuskiljunni er losaður af viðurkenndum aðila og upplýsingar um magn úrgangsolíu má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Frárennsli

	2007	2008	2009
Olíuúrgangur (olíuskilja)	-	1.020 ltr.	680 ltr.

B umhverfispættir

Hjólbarðar

Talsvert magn hjólbarða fellur til sem úrgangur ár hvert en undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að minnka hlutfall nagladekkja eins og kostur er. Erfitt er að stýra þessum umhverfispætti en notkun hjólbarða helst í hendur við notkun bílafloata fyrirtækisins. Fyrirtækið leggur áherslu á að starfsmenn gæti þess að loftþrýstingur í hjólbörðum sé ávallt réttur til að komast hjá óþarfa sliti. Á árinu var tekinn í notkun mælíbúnaður sem mælir dýpt í mynstri hjólbarða en með því móti er hægt að tryggja góða nýtingu hjólbarða að þeim mörkum sem lög og reglugerðir kveða á um. Í töflu 5 má sjá upplýsingar um magn fullnýttra hjólbarða sem fellur til í starfstöðinni.

Tafla 5. Hjólbarðar

	2007	2008	2009
Hjólbarðar	-	16.330 kg.	20.773 kg.

Heitt vatn

Bílaleiga Akureyrar leggur mikla áherslu á að heitu vatni sé ekki sóað í óþarfa og starfsmenn eru hvattir til að spara notkun á heitu vatni. Heitt vatn er notað til upphitunar, venjubundinnar notkunar auk þess sem heitt vatn er notað í þjónustudeild bifreiða. Í töflu 6 má sjá yfirliti yfir heitavatsnotkun en hún jókst um 41,46% milli ára. Aukin notkun er óþekkt en sérstök áhersla verður lögð á stýringu þessa umhverfispáttar á árinu 2010 með það að markmiði að minnka notkunina.

Tafla 6. Heitt vatn

	2007	2008	2009
Heitt vatn m ³	9.398 m ³	8.336,3 m ³	11.793 m ³

Kalt vatn

Kalt vatn er notað við þrif á bifreiðum fyrirtækisins og stýring er á kaldavatsnotkun í sjálfvirkri bílaþvottavél fyrirtækisins í Skeifunni 9. Lögð er áhersla á að farið sé sparlega með kalt vatn í annarri notkun. Í töflu 7 er yfirlit yfir kaldavatsnotkun en notkun á köldu vatni dróst saman um 11,83% og er það jákvæð þróun.

Tafla 7. Kalt vatn

	2007	2008	2009
Kalt vatn m ³	4.387,3	4.303,3	3.794

Rafmagn

Rafmagn er notað til lýsingar og annarrar almennrar notkunar í rekstri fyrirtækisins. Lögð er áhersla á að starfsfólk spari notkun rafmagns og slökkvi á rafmagnstækjum þegar þau eru ekki í notkun. Í töflu 8 má sjá yfirlit yfir rafmagnsnotkun en hún jókst lítillega milli ára eða um 1,92%.

Tafla 8. Rafmagn

	2007	2008	2009
Rafmagn kWh	98.354	101.002	102.942

Umgengni við náttúruna

Erfitt er að mæla árangur af umhverfisþættinum en stýringu er háttað með fræðslu til viðskiptavina fyrirtækisins og þá sérstaklega akstur utan vega sem getur valdið rofi og sári á jarðvegi sem langan tíma getur tekið að gróa. Viðskiptavinum er afhentur bæklingum þar sem fram kemur að akstur utan vega sé bannaður samkvæmt lögum og afleiðingar slíks aksturs koma þar einnig fram. Á heimasíðu fyrirtækisins eru einnig upplýsingar um leiðir til að minnka orkunotkun á akstri og stunda þannig „vistakstur“. Stjórnendur fyrirtækisins vona að með fræðslunni megi minnka líkur á akstri utan vega og þannig sé stuðlað að bættri umgengni við náttúruna. Starfsmenn fyrirtækisins hljóta fræðslu í meðhöndlun efna og viðbrögðum vegna umhverfisóhappa til að minnka líkur á að óæskileg efni berist með frárennsli eða öðrum hætti í náttúruna.



Landgræðsla

Bílaleiga Akureyrar hefur um alllangt skeið unnið að landgræðslu og hefur nú svæði á Hólásandi í Suður Þingeyjasýslu til gróðursetningar. Það eru starfsmenn fyrirtækisins sem sjá um gróðursetninguna með aðstoð og leiðsögn sérfræðinga á sviði skógræktar. Með þessari vinnu leitast fyrirtækið við að sporna gegn þeim neikvæðu umhverfisáhrifum sem reksturinn hefur í för með sér. Með landgræðslu er unnið gegn losun gróðurhúsalofttegunda með aukinni kolefnisbindingu en auk þess má með landgræðslu draga úr gróðureyðingu og endurheimta örfoka land. Vorið 2009 samdi fyrirtækið við Norðurskóga um kaup á 1.861 trjáplöntu sem ráðgert var að gróðursetja í september sama ár. Tvær gróðursetningaferðir voru skipulagðar en féllu þær báðar niður vegna veðurs en vetur gekk óvenju snemma í garð á Norðurlandi. Plönturnar eru hinsvegar í eigu Bílaleigu Akureyrar og gróðursetning þeirra er áætluð vorið 2010 þegar aðstæður á Hólásandi leyfa.



Tafla 9. Landgræðsla

	2007	2008	2009
Trjáplöntur	1096	1137	-

Fræðsla og þjálfun

Allir starfsmenn á vegum fyrirtækisins hljóta ákveðna nýliðþjálfun þegar þeir hefja störf. Þar er farið á markvissan hátt yfir gæða-, umhverfis- og öryggismál. Stefna og skipulag er skoðað og farið er ítarlega yfir viðbúnað og viðbrögð við umhverfisatviki eða neyðarástandi. Umhverfisþættir fyrirtækisins eru einnig kynntir starfsmönnum og farið er yfir mikilvægi umhverfismála á sérstöku umhverfisstjórnunarnámskeiði. Reglulega er haldið námskeið í efnastjórnun þar sem farið er yfir merkingar og meðhöndlun eitrefna og hættulegra efna.

Auk þeirra námskeiða sem áður eru nefnd, stendur fyrirtækið fyrir markvissri endurmenntun starfsmanna allt árið um kring.

Öryggismál

Mikil áhersla er lögð á öryggismál hjá Bílaleigu Akureyrar. Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum hefur verið gerð. Áætlunin er endurmetin árlega og stöðugt er leitað leiða til að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna. Að sama skapi leggur fyrirtækið áherslu á að vinna að bættu öryggi viðskiptavina sinna og hefur fyrirtækið átt ánægjulegt samstarf við tryggingafélög, Vegagerðina og fleiri aðila á því sviði.

Aðrar starfsstöðvar

Akureyri

Eins og fram kemur í inngangi skýrslunnar eru höfuðstöðvar fyrirtækisins á Akureyri. Þar er þegar hafin vinna við uppsetningu umhverfisstjórnunarstaðalsins ISO 14001 og áætlað er að þeirri vinnu ljúki eigi síðar en árið 2011. Þegar þeim áfanga er náð nær umhverfisstjórnunarkerfið til allra starfsstöðva Bílaleigu Akureyrar.

Umboðsmenn

Bílaleiga Akureyrar hefur alls 14 afgreiðslustaði á landinu en auk starfsstöðva í rekstri fyrirtækisins eru tíu umboð sem bera merki fyrirtækisins. Þau eru í Borgarnesi, á Ólafsvík, Ísafirði, Sauðárkróki, Vopnafirði, Neskaupstað, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjum og Hveragerði.

Árið 2009 gaf fyrirtækið út handbók fyrir umboðsmenn. Sú krafa er gerð til umboðsmanna að þeir kynni sér umhverfisstefnu fyrirtækisins og mikilvæga umhverfisþætti í rekstri fyrirtækisins. Umboðsmenn eru auk þess hvattir til að kynna sér önnur umhverfismálefni Bílaleigu Akureyrar vel og fylgja eftir þeim umhverfislegu gildum sem stjórnendur fyrirtækisins vilja að höfð séu að leiðarljósi.



Að lokum

Bílaleiga Akureyrar telur það bæði umhverfislega og samfélagslega skyldu sína að axla ábyrgð á neikvæðum umhverfisáhrifum af rekstri fyrirtækisins og það verður áfram gert með áherslu á stöðugar framfarir og umbætur í umhverfismálum. Umhverfisstjórnunarkerfið hefur að mati stjórnenda þegar sannað gildi sitt með skilvirkari stjórnun umhverfismála og ávinningur hefur verið gefandi fyrir starfsmenn og fyrirtækið.